

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Sjálfsmatsskýrsla Innra mat í VMA skólaárið 2024-2025

Kennslu- og áfangamat

Hautönn 2024

Vorönn 2025

Verkmenntaskólinn á Akureyri
Desember 2025

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Innra mat í VMA og ISO 9001 gæðakerfi.....	3
Kennslu- og áfangamat.....	4
Gæðamarkmið VMA sem mæld eru í kennslumati.....	5
Þjónustu- og starfsmannakannanir	6
Innri úttektir.....	9
Ytri úttekt - Vottun.....	9
Námsárangur	9
Mætingar og brottfall	9
Námsáætlanir.....	9
Framvindumat vegna haustannar 2024 og vorannar 2025	10
Áfangaskýrslur vegna haustannar 2024 og vorannar 2025	10
Ábendingar og kvartanir.....	10
Þróunar-, umbóta- og forvarnaverkefni.....	10

Inngangur

Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) starfar skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 en þar er m.a. kveðið á um hvernig innra mati skuli háttað í framhaldsskólum landsins. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er m.a. að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Einnig er markmiðið að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla, að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Jafnframt að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (40. gr.). Kveðið er á um að hver framhaldsskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birti opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur (41. gr.). Tilgangur þessarar skýrslu er að halda til haga á einum stað öllum gögnum er varða innra mat skólans fyrir skólaárið 2024 - 2025 eins og lög gera ráð fyrir.

Innra mat í VMA og ISO 9001 gæðakerfi

Grunnhugsunin á bak við gæðakerfi er að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans. Það er ein af forsendum framþróunar að menn hugi stöðugt að endurbótum innan þeirrar starfsemi sem fyrirtækið eða stofnunin vinnur eftir. ISO-9001 gæðakerfið var á sínum tíma hannað fyrir fyrirtæki sem framleiða einhverja vöru til viðskiptavina. Með gæðakerfi er verið að lýsa hvernig skóli starfar og tryggja að unnið sé eftir þeim vinnureglum sem þar eru settar. Mikil vinna hefur farið í að yfirfæra verkfæri gæðastaðla og gæðakerfisins yfir í nám, kennslu og þjónustu við nemendur og starfsfólk í skólanum.

Vorið 2010 fékk VMA ISO-9001 vottun á alla kennslu í dagskólanum. Gæðakerfi af þessu tagi einkennast af því að stofnunin skilgreinir markmið sín með skólastarfinu og lýsir því síðan með t.d. verklagsreglum, starfslýsingum, skilgreiningum o.fl. hvernig staðið skuli að verki í þeim tilgangi að ná þeim gæðamarkmiðum sem stofnunin hefur sett sér. Kerfi af þessu tagi felur síðan óhjákvæmilega í sér reglubundið mat á starfi stofnunarinnar, á því hvort vinnan er í samræmi við skráðar

verklagsreglur og hvort ástæða sé til þess að gera breytingar af einhverju tagi til þess að auka gæði þess starfs sem unnið er í skólnum. Þetta ferli er stöðugt endurbætt og tekið út tvisvar á ári af ytri vottunaraðila sem er *iCert*. Jafnframt eru úttektarmenn innan skólans sem framkvæma svokallað innra mat á hverju skólaári sem tryggir að hver einasta verklagsregla sé rýnd innan tiltekin tímabils.

Einnig er það mikilvægur hluti gæðakerfisins að allir geti komið á framfæri ábendingum og kvörtunum sem fara inn í ákveðið ferli og unnið er með samkvæmt verklagsreglum. Þetta ábendinga- og kvörtunarferli hafa nemendur, kennarar og annað starfsfólk nýtt sér til að koma á framfæri þáttum sem hægt er að bæta í starfi skólans.

Ástæða þess að skólinn er með ISO-9001 vottun er sú að hann þarf að vinna eftir alþjóðasamþykktum frá International Maritime Organisation (IMO), sem Ísland og þar með skólinn er aðili að. Þessar samþykktir gera kröfu um að nám vélstjóra sé aðeins kennt í skólum með vottað gæðakerfi þannig að vélstjórar geti fengið alþjóðleg réttindi.

Mat á skólastarfinu samkvæmt gæðakerfinu fer fram með sama hætti og innra mat hlýtur alltaf að gera. Upplýsingum um framkvæmd er safnað, gögnin eru rýnd af til þess skipuðum aðilum og athugað hvort framkvæmd er í samræmi við samþykkt verklag og tillögur um viðbrögð eru lagðar fram þar sem þess er þörf. Að þessu starfi kemur stór hluti starfsmanna með einum eða öðrum hætti en stjórnendur, fag- og brautarstjórar og starfsmenn sem ráðnir eru til að sinna innra eftirliti gegna lykilhlutverkum.

Innihald gæðakerfis skólans er opið fyrir starfsmenn og nemendur á heimasíðu skólans. Áætlun um innra mat skólans er tveggja ára áætlun og fylgt eftir af gæðaráði.

Kennslu- og áfangamat

Á hverri önn fer fram kennslumat þar sem kennarar fá niðurstöður um stöðu sína og nemendur fá tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennaranum og þeirri kennslu sem hann fær í einstaka áföngum í skólanum.

Tilgangur áfanga- og kennslumats er að kanna hvernig til hafi tekist í áfanganum og í

skólastarfinu með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Niðurstöður úr kennslumatinu birtast kennurum í Innu í lok annar, og eru þær ræddar við viðkomandi kennara í starfsmannasamtali. Þá fer gæðaráð skólans yfir heildarniðurstöður kennslumats hverrar annar.

Kennslu- og áfangamat er gert á hverri önn í öllum hópum og áföngum dagskóla á hverri önn nema á sérnámsbraut og hópum þar sem nemendur eru fjórir eða færri t.d. á starfsbraut.

Heildar niðurstöður kennslumats eru birtar á heimasíðu skólans og eru niðurstöður jafnframt birtar í rýni stjórnenda fyrir hverja önn.

Kennslumat á haustönn 2024 fór fram í nóvember. Nemendur voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Alls voru sendar út 5370 kannanir (nemendur x þeir áfangar sem þeir eru skráðir í) og fengust 2594 svör eða 48% svörun. Könnunin var lögð fyrir í 416 hópum. Upplýsingar um hvaða áfangar og kennarar voru í áfanga- og kennslumati er að finna í kannanakerfi Innu sem skólameistari og aðstoðarskólameistari hafa aðgang að. Hægt er að nálgast niðurstöður einstaka áfanga inni á kannanakerfi Innu

Kennslumat á vorönn 2025. Áfanga- og kennslumat á vorönn 2025 fór fram síðari hluta mars. Nemendur voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Alls voru sendar út 4855 kannanir (nemendur x þeir áfangar sem þeir eru skráðir í) og fengust 1397 svör eða 29% svörun. Könnunin var lögð fyrir í 383 hópum. Upplýsingar um hvaða áfangar og kennarar voru í áfanga- og kennslumati er að finna í kannanakerfi Innu sem skólameistari og aðstoðarskólameistari hafa aðgang að. Hægt er að nálgast niðurstöður einstaka áfanga inni á kannanakerfi Innu.

Gæðamarkmið VMA sem mæld eru í kennslumati

Í gæðamarkmiðum skólans eru tveir þættir sem eru athugaðir í áfanga- og

kennslumati, þeir eru hér að neðan. Markmiðin eru mæld út frá áfanga- og kennslumati á hverri önn. Að öðru leyti er vísað í skýrslu um áfanga- og kennslumat á www.vma.is.

Mælikvarði	Markmið	Niðurstaða haust 2024	Niðurstaða vor 2025
Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum	85% svari frekar sammála eða mjög sammála	86% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála	87% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála
Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og töl) í áfanganum eru viðunandi	85% svari frekar sammála eða mjög sammála	95% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála	94% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála

Þjónustu- og starfsmannakannanir

Samkvæmt áætlun um innra mat eru gerðar þjónustukannanir annað hvert ár þar sem nemendur eru spurðir um aðra þjónustu en kennslu í áföngum og um skólastarfið sem heild. Jafnframt eru gerðar starfsmannakannanir á hverju ári þar sem starfsmenn eru spurðir um líðan í starfi, stjórnun innan stofnunarinnar og fleira er lýtur að starfsmönnum skólans.

Þjónustukönnun var lögð fyrir síðast á vorönn 2024 og fór fram í gegnum Innu. Allir nemendur í dagskóla, alls 775, fengu tölvupóst þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni. Könnunin var opin frá 05.03 til 18.03 og 252 nemendur svöruðu könnuninni, eða 33%. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Hægt er að sjá niðurstöður könnunar um líðan nemenda og þjónustu VMA í kannanakerfi Innu sem aðstoðarskólameistari og skólameistari hafa aðgang að.

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 90% nemenda svari spurningunni: Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf með því að svara frekar sammála eða mjög sammála.

- Í þjónustukönnun á vorönn 2024 svara 32% mjög sammála og 57% frekar sammála eða alls 89% nemenda svara spurningunni mjög eða frekar sammála.

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 90% nemenda svari spurningunni: Í skólanum líður mér vel með því að svara næstum alltaf eða oftast.

• Í þjónustukönnun á vorönn 2024 svara 27% mjög sammála og 58% frekar sammála. Alls svara 85% nemenda spurningunni næstum alltaf eða oftast. Markmið varðandi líðan næst ekki. Vandasamt er að finna skýringu á þessu eða viðbrögð. Spyrja þarf spurningarinnar aftur á vorönn 2026 til að bera saman, hvort þetta er skýrist af tilviljun, ytri aðstæðum eða hvort breytingar til hins verra hafi orðið í skólastarfinu.

Ákveðið var að nota könnunina **Stofnun ársins** fyrir innra mat skólans sem starfsmannakönnun. Sú könnun fer fram á haustin og verða þær niðurstöður hér eftir nýttar sem hluti af innra mati skólans á hverju ári.


Á haustönn 2024 var Stofnun ársins framkvæmd október til desember og svöruðu 84, svarhlutfall um 65%. Á myndinni hér að neðan koma fram fimm hæstu og fimm lægstu einkunnir stofnunarinnar, VMA.

Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Verkmenntaskólinn á Akureyri



Í gæðamarkmiðum skólans eru tveir þættir sem er spurt um í Stofnun ársins. Það er að VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla

samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert þegar litið er til eftirfarandi tveggja spurninga: *Ég er ánægð(ur) með aðbúnað minn á vinnustaðnum og á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu.*

Mælikvarði	Markmið	Niðurstaða VMA vor 2020	Aðrir framhalds- og háskólar
Ánægja með vinnuaðstöðu, þ.e. vinnu- og skrifstofurými (Áður Ég er ánægð(ur) með aðbúnað minn á vinnustaðnum (vinnuskilyrði))	VMA sé yfir meðaltali annara framhalds- og háskóla	2024: 3.06 2023: 3.48 2022: 3.82 (+0.72) 2020: 3.26 (+0,23) 2019: 3,03 (-0,03) 2018: 3,06 (-0,07)	4,03
Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu. (ánægja og stolt)	VMA sé yfir meðaltali annara framhalds- og háskóla	2024:4.40 2023: 4.47 2022: 4.23 (+0,19) 2021: 4,24 (-0,05) 2020: 4,29 (+0,28) 2019: 4,01 (+0,01) 2018:4,0 (-0,18) 2017: 4,18	4,40

Verkmenntaskólinn á Akureyri er í 29. Sæti af 46 á lista yfir stofnanir með 100 starfsmenn eða fleiri með heildareinkunn upp á 3,95 árið 2024.

Helstu niðurstöður - Þættir

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Markmið skólans í þessum þáttum hafa ekki náðst.

Helstu niðurstöður könnunarinnar og einstaka stofnanna þ.m.t. VMA eru birtar á vef Sameykis.

Innri úttektir

Á vorönn 2025 var fyrirhugað að framkvæma 4 innri úttektir. Þegar þessi skýrsla er skrifuð hefur einungis náð að ljúka einni rýni og er eftirfylgni í gangi þar sem enn er verið að endurskoða verklagsregluna og því er ekki búið að gera þær lagfæringar sem þarf.

Ytri úttekt - Vottun

Starfsmaður iCert gerir úttekt á verkferlum á vélstjórn á hverri önn. Þær ábendingar sem hafa borist í kjölfarið hafa verið settar í vinnslu og/eða þeim lokið.

Námsárangur

Í rýni stjórnenda má sjá þau gæðamarkmið sem skólinn setur sér um nokkra þætti í skólastarfinu. Áfangastjórar halda utan um ýmis gögn er varða gæðamarkmiðin m.a. ástundun og námsárangur. Á haustönn 2024 var meðaleinkunn í áföngum 7,1 og á vorönn 2025 var hún 6,9. Gæðamarkmið skólans eru að meðaltalseinkunn áfanga sé 7 þannig að gæðamarkmið um meðaleinkunn hefur náðst.

Fallprósentan á haustönn 2024 var 8,3% og á vorönn 2025 10%. Gæðamarkmið segja að fallprósenta sé undir 10% og gæðamarkmiðum er því náð í þessum þætti.

Mætingar og brottfall

Á haustönn 2024 var brottfall nemenda 11,7% og mætingar 79,7%. Á vorönn 2025 var brottfall nemenda 6% og mætingar 81,4%. Mætingamarkmiðum, 90%, ekki náð en brottfallsmarkmiðum náð á vorönn, þ.e. undir 9%. Kanna þarf ástæðu fjarveru nemenda, útskýrða og óútskýrða fjarveru.

Námsáætlanir

Námsáætlanir eru gerðar í öllum áföngum sem taka til áfangalýsingar, þekkingar, leikni og hæfniviðmiða auk lýsingar á námsefni og hvernig námsmati er skipt á

einstaka námsmatsþætti. Allar námsáætlanir eru birtar í Innu fyrir nemendur og forráðamenn þeirra undir 18 ára.

Framvindumat vegna haustannar 2024 og vorannar 2025

Framvindumat var framkvæmt á vorönn 2025 samkvæmt fundargerð gæðaráðs sem vistuð er í skjalakerfi skólans. Fag- og brautarstjórar skiluðu framvindumati um miðja vorönn samkvæmt skóladagatali. Alls voru gerðar 3 skýrslur og voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 635, þann 26.03.2025 og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála er vistað í skjalakerfi skólans skv málalykli..

Áfangaskýrslur vegna haustannar 2024 og vorannar 2025

Áfangaskýrslum voru gerðar í lok anna og skiluðu fag-og brautarstjórar skýrslunum rafrænt og eru þær vistaðar í skjalakerfi skólans. Alls voru gerðar 33 athugasemdir til gæðaráðs og væru þær teknar fyrir á gæðaráðsfundi nr.638 þann 05/06 og þeim vísað til hluteigandi aðila til vinnslu. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála er vistað í skjalakerfi skólans..

Ábendingar og kvartanir

Ein kvörtun hefur borist á 25V og er hún afgreidd og skjöluð í Gopro.

Þróunar-, umbóta- og forvarnaverkefni

Yfirlit yfir þróunarverkefni sem skólinn tekur þátt í koma fram í ársskýrslum skólans.

Akureyri 12.12. 2025

Benedikt Barðason skólameistari VMA

Samantekt unnin af stjórnendum